TILSKIPUN RÁÐSINS 2013/21/ESB **2014/EES/54/77**

frá 13. maí 2013

um aðlögun á tilskipun ráðsins 67/548/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB á sviði umhverfismála vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Króatíu, einkum 4. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Króatíu, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 50. gr. laganna um aðild Króatíu ætti ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ef þörf er aðlögunar vegna aðildar á gerðum stofnananna frá því fyrir aðild og ekki hefur verið kveðið á um nauðsynlega aðlögun í aðildarlögunum eða í viðaukum við þau, að samþykkja nauðsynlegar gerðir í þessu skyni ef framkvæmdastjórnin samþykkti ekki upphaflegu gerðina.

2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmáli Króatíu var saminn og samþykktur, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur, fullgerðar og uppfærðar ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.

3) Því ber að breyta tilskipunum 67/548/EBE([1]) og 1999/45/EB([2]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Króatíu að Evrópusambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með aðildardegi Króatíu að Evrópusambandinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Króatíu og á gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

S. COVENEY

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 240. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2014 frá 9. júlí 2014 um ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1).

VIÐAUKI

http://old.eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2013:158:0240:0355:EN:PDF